

**Fundargerð 464. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 8. nóvember 2023 kl. 13:00. Fjarfundur í Teams.**

*Þessir tóku þátt í fundinum:*

Sigurður Eyþórsson, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Bryndís Eiríksdóttir, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Rafn Bergsson, nefndarmaður og formaður deildar nautgripabænda innan BÍ, Trausti Hjálmarsson, nefndarmaður og formaður deildar sauðfjárbænda innan BÍ, Hrefna Rós Matthíasdóttir nefndarmaður og sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ boðaði forföll. Fundargerð ritaði Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi MAR.

*Þetta var gert:*

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerð 463 lögð fram til kynningar en hefur þegar verið samþykkt af nefndinni og birt á vef matvælaráðuneytisins.

**2. Til kynningar;**

Á síðasta fundi nefndarinnar var lögð fram tillaga samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði að greiðslumarki mjólkur fyrir árið 2024 en afgreiðslu hennar frestað. Fram kom að þýðingarmikið væri að afgreiða tillöguna sem fyrst svo hægt verði að upplýsa mjólkurframleiðendur um hana. Framkvæmdanefnd búvörusamninga lagði til við matvælaráðherra að greiðslumark mjólkur árið 2024 verði 151,5 milljónir lítra. Að lokinni afgreiðslu nefndarinnar fer breytingin formlega fram með reglugerðarbreytingu sem tekur gildi um áramót.

Erindið var afgreitt rafrænt í nefndinni en er bókað í þessari fundargerð. Samþykkt samhljóða.

**3. Erindi frá Bændasamtökum Íslands:**

Síðari úthlutun þróunarfjár garðyrkju 2023. Alls bárust 5 umsóknir þar sem samtals er sótt um 14.469.280 kr. Til úthlutunar voru 23.964.464 kr. og eru því 9.495.184 kr. sem flytjast til næsta árs og bætast við þróunarfé garðyrkju 2024.

Samþykkt samhljóða.

**4. Önnur mál**

*Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 13:05.*